

Fjármálaráðuneytið.

Upplýsingar frá ÁTVR vegna frumvarps um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, 312.mál.

1. Reglur annarra Norðurlanda

Noregur

Í Noregi er ekki innheimt skráningargjald eða tryggingagjald líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar skilgreinir norska einkasalan, líkt og hin finnska, hvaða vöru er leitað eftir til sölu og birgjarnir bjóða fram þá vöru sem þeir telja að uppfylli skilyrði einkasölnunnar. Því er um ólíkt kerfi að ræða.

Svíþjóð

Í Svíþjóð innheimtir einkasalan svokallað geymslugjald en ekki skráningargjald eða tryggingargjald. Birgjar greiða því fyrir geymslu á vöru þeirra hjá einkasölnunni.

2. Kostnaður við skil á reynsluvöru.

Forsendur:

Reynsluvörur eru til sölu í nokkrum verslunum ÁTVR. Eftirfarandi verkliðir eru við innköllun vöru ásamt mati á vinnu við innköllunina.

1. Rekstrardeild innkallar vöruna úr verslunum. 2 klst.
2. Verslunarstjórar taka vöru úr hillum, pakka henni og ganga frá til flutnings. 10 klst.
3. Dreifingarmiðstöð tekur við vöru, safnar saman og gerir hana tilbúna til afhendingar. 4 klst.
4. Innkaupadeild tilkynnir birgja um vöruskil og óskar eftir því að varan verði sótt. 1 klst.
5. Birgjar fá vöruna afhenta í vöruhúsi. 1 klst
4. Bókhalð gengur frá uppgjöri við birgja. 2 klst

Samtals um 20 klst.

Við þessa vinnu leggst flutningskostnaður vörunnar til Dreifingarmiðstöðvar.

Dæmgert tímakaup ( útseld vinna) er kr. 3200,-

Páll Jóhannesson  
Tekju- og lagaskrifstofa  
Fjármálaráðuneyti.